

3

6. jan.

17. gr.

Aukamati samkv. 12. gr. ber að ljúka fyrir 1. desember ár hvert, og skal það liggja frammi allan desembermánuð. Um kærur og aðfinnslur fer eftir því, sem segir í 15. gr. Í janúar næstum á eftir skal síðan senda matsgerðirnar til yfirmatsnefndar. Yfirmatsnefnd skal árlega tilkynna skattayfirvöldum þeim, er hlut eiga að máli, þær breytingar, er verða á fasteignamati við aukamat.

18. gr.

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli þess, er aðalmat fer fram, og skal hann þá senda yfirmatsnefnd um það rökstudda beiðni. Yfirmatsnefnd úrskurðar síðan, hvort endurmat skuli fram fara eða ekki.

19. gr.

Aukamatsmenn fá þóknun úr ríkissjóði fyrir starf sitt eftir lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m. Þó skal sá, er krefst endurmats, sbr. 18. gr., greiða matskostnaðinn, nema matsverðið breytist um 10% eða meira.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, lög nr. 14 frá 19. júní 1922, um skattmat fasteigna, lög nr. 41 frá 8. sept. 1931, um breyting á lögum nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 6. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

4

6. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 125 31. des. 1935 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Aftan við 2. gr. laga nr. 52 8. sept. 1931 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt má endurgreiða innflutningstoll af sykri, sem notaður er til sykur-

söltunar á þorski og þorskhrögnum (gotu), og af efnum, sem notuð eru til verk- 4
unar grásleppuhrogna til útflutnings. Sá, sem vill fá tollinn endurgreiddan, skal 6. jan.
sanna með vottorði fiskimatsmanns, um hve mikið magn þessara efna er að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 6. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

5

6. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og
Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og
Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með
samþykki Voru:

1. gr.

52. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum er þó fjármálaráðuneytinu heimilt að lækka, og
jafnvel láta þær alveg falla niður, ef sérstakar málsbætur eru, til 1. júlí 1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 6. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.